



Skipulagsstofnun

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12.6.2025

Málsnúmer: 202505-0051

IAS

Efni: Einholtsvegur. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dagsett 27.maí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna Einholtsvegar í Bláskógabyggð.

Fyrirhuguð er endurbygging á um 7,5 km löngum kafla á Einholtsvegi, milli Drumboddsstaðavegar og Hrunamannavegar í Bláskógabyggð.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi en núverandi Einholtsvegur er malarvegur sem víða uppfyllir ekki kröfur veghönnunarreglna. Lítil breyting verður á núverandi veglínu nema á um 150 km kafla við vegamót Drumboddsstaðavegar þar sem veglínan hliðrast um u.þ.b. vegbreidd til austurs vegna lagfæringa á plan- og hæðarlegu. Áætluð efnispörf er um 78 000 m³ og er reiknað með að megnið af efninu verði tekið úr skeringum en annað efni tekið úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldu fyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar. Framkvæmdasvæðið er allt innan mikilvæga fuglasvæðisins, Suðurlandsundirlendi, og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er nokkuð um votlendi við veginn. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru þó ekki líklegar til að hafa mikil áhrif á fugla fyrir utan truflun á framkvæmdatíma og þá er ólíklegt að frekara rask verði á votlendi utan veghelgunarsvæðis.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari á mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur